

Stummer gegn Austurríki - Yfirdeild

Dómur frá 7. júlí 2011

Mál nr. 37452/02

14. gr. Bann við mismunun

1. gr. 1. viðauka Friðhelgi eignarréttar

Fangar. Lífeyrisréttindi.

1. Málsatvik

Kærandi, Ernst Stummer, er austurrískur ríkisborgari, fæddur árið 1938 og búsettur í Vínarborg. Hann dvaldi um langa hríð í fangelsi vegna afbrota sem hann hafði framið. Hann starfaði í 28 ár í eldhúsi fangelsisins. Í mars 1999 sótti kærandi um greiðslu ellilífeyris. Umsókn hans var hafnað þar sem hann hafði ekki unnið nægilega lengi á almennum vinnumarkaði, utan fangelsisins, til að ávinna sér réttindi í hinu almenna ellilífeyristryggingakerfi í Austurríki. Dómstólar staðfestu þessa niðurstöðu. Eftir að kærandi var látinn laus í janúar árið 2004 hefur hann fengið greiddar atvinnuleysisbætur og neyðarframfærslubætur.

2. Meðferð málsins hjá Mannréttindadómstólnum

Kæran

Kærandi hélt því fram að brotið hefði verið gegn réttindum hans samkvæmt 14. gr. sáttmálans og 1. gr. 1. viðauka hans, þar sem litið hefði verið framhjá þeirri vinnu sem hann hefði unnið í fangelsi við ákvörðun um hvort hann hefði unnið nægilega lengi til að ávinna sér réttindi til ellilífeyris.

Niðurstæða

Dómstóllinn féllst á það með austurrískum yfirvöldum að málefnalegt væri að láta aðrar reglur gilda um fanga sem ynnu launuð störf meðan á afplánun stæði en þá sem störfuðu á almennum vinnumarkaði. Vísað var til þess að fangar hefðu ekki ráð á að greiða til almannatryggingakerfisins og að það græfi því undan hagkvæmni þess ef einstaklingar ynnu sér inn réttindi í kerfinu án þess að leggja nokkuð til þess.

Dómstóllinn fjallaði því næst um þá spurningu hvort framangreint markmið, sem dómstóllinn taldi vera málefnalegt, réttlætti þann mun sem væri á stöðu fanga sem ynnu launuð störf og almennra launþega sem störfuðu á vinnumarkaði. Þar sem álitæfnið laut að því hvernig ríkisvaldið kysi að fjármagna almannatryggingakerfi sitt taldi dómstóllinn að yfirvöld hefðu haft vítt svigrúm til mats. Aðildarríki sáttmálans væru betur til þess fallin að meta hagsmuni almennings á þessu sviði en dómstóllinn. Ekki væri samstaða meðal aðildarríkjanna um réttindi fanga að þessu leyti. Dómstóllinn benti á að kærandi hefði notið einhverrar aðstoðar ríkisvaldsins í formi bóta og að austurrísk yfirvöld hefðu ekki farið út fyrir það svigrúm sem þau hefðu til mats.

Af þessum sökum var hvorki talið að brotið hefði verið gegn 14. gr. sáttmálans né 1. gr. 1. viðauka hans. Einn dómari skilaði sératkvæði þar sem komist var að sömu niðurstöðu og í niðurstöðu meirihlutans. Sex dómarar skiluðu sameiginlegu sératkvæði þar sem komist var að annarri niðurstöðu að hluta. Einn dómari skilaði sératkvæði þar sem einnig var komist að annarri niðurstöðu að hluta.